



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9

Reykjavík, 8. apríl 2024

Sent á umsagnargátt Alþingis
umsagnir@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, 864. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 25. mars þar sem óskað var umsagnar samtakanna.

SA hafa talað fyrir breytingum á íslenska almannatryggingakerfinu um árabíl enda eru þær reglur sem kerfið byggir á komnar til ára sinna og margar gagnrýniverðar. Þannig eru núverandi reglur almannatrygginga ekki í takti við nútímaheilbrigðiskerfi og samræmast engan veginn þeim vinnumarkaði og þeirri samfélagsgerð sem við búum við í dag. Á þeim 25 árum síðan reglugerð um örorkumat tók gildi hefur orðið kúvending á íslenskum vinnumarkaði.

SA fagna fyrirbyggjandi endurskoðun á almannatryggingakerfinu og styðja að frumvarpið verði að lögum. Gott samráð var haft við hagaðila á meðan frumvarpið var í vinnslu enda mikilvægt að fá sjónarmið þeirra fram. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að breyta örorkulífeyriskerfi almannatrygginga og fjöldi starfshópa skipaður í þeim tilgangi í gegnum tíðina. Hingað til hefur vinnan þó ekki komist jafnlangt og nú með framlagningu fyrirbyggjandi frumvarps sem ber þó merki fyrri vinnu.

SA leggja áherslu á að auka virkni einstaklinga sem glíma við skerta starfsgetu og að horft sé frekar til styrkleika einstaklingsins en veikleika en samtökin voru meðal stofnaðila VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs árið 2008 sem starfar eftir þeirri hugmyndafræði. Með frumvarpinu og innleiðingu samþætts sérfræðimats er megináhersla lögð á færni viðkomandi í samspili við umhverfi og aðstæður. SA fagna þessari nálgun enda er um að ræða heildrænt mat (ICF) á getu viðkomandi til virkni á vinnumarkaði sem snýst um valdeflingu og að fólk nýti styrkleika sína.

Með tilkomu hlutaörorkulífeyris er aukinn stuðningur við fólk með skerta starfsgetu til að fara út á vinnumarkaðinn að hluta. Með réttum hvötum aukast líkur á því að fólk með skerta starfsgetu verði virkt á vinnumarkaði og þurfi ekki að hafa áhyggjur af framfærslu með sama hætti og í nágildandi kerfi. Með einföldun kerfisins er þannig dregið úr hindrunum til atvinnuþátttöku. Markmiðið er að aðstoða fólk við að fara út á vinnumarkað í stað þess að það fari á örorkulífeyri, sem mögulega er ótímabært. Í þessu samhengi má benda á að eftir að skilyrði var sett fyrir að starfsendurhæfing væri fullreynnd hefur nýgengi örorku minnkað. Að



mati SA er þetta verulega jákvæð breyting. Hins vegar þarf að vera ljóst að hvatarnir virki sem skyldi og leiði til aukinnar atvinnuþátttöku þess hóps sem um ræðir.

Fjármögnun

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að útgjöld vegna nýs greiðslukerfis almannatrygginga aukist varanlega um 18,1 ma. kr. Áherslur frumvarpsins á virkni og snemmtæka íhlutun munu þó væntanlega leiða til ávinnings þegar fram í sækir sem mun að einhverju leyti veita upp kostnaðinn sem hlýst af frumvarpinu í upphafi.

Eftir því sem umsvif hins opinbera vaxa og kröfur um þjónustu aukast verða skilvirkni, hagkvæmni og árangursmælingar nauðsynlegri fyrir ábyrga nýtingu opinbers fjár. Flest OECD ríki eru komin mun lengra en Ísland þegar kemur að árangurstengingu ríkisfjármála, sem felst í því að meta skipulega árangur af útteilingu fjármuna. Þetta á ekki síst við um stóra málaflokka á borð við almannatryggingakerfið og heilbrigðiskerfið.

Samtökin leggja höfuðáherslu á að hið endurskoðaða örorkulífeyriskerfi verði ekki fjármagnað með aukinni skattheimtu af einstaklingum eða fyrirtækjum heldur með forgangsröðun í ríkisrekstri. Þá er einnig mikilvægt að tryggt verði að árangur og skilvirkni breytinganna verði metinn.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir